



Áfangalýsing ML

Titill:	Útivist 1
Námsgrein:	Útivist
Viðfangsefni:	Ferðamennska og búnaður
Skammstöfun:	ÚTIV1FB02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Í áfanganum er lögð áhersla á ferðamennsku og útbúnað sem gott er að hafa við höndina þegar ferðast er. Farið verður í mikilvægi klæðnaðar í útivist hvort sem um ræðir vetrarferðamennsku eða gönguferðir að sumri. Farið verður í eina lengri gönguferð þar sem gist er í skála og eina myrkragöngu þar sem nemendur ganga í skógi með höfuðljós og nesti. Þá fara nemendur einnig í eina dagsferð á kanó.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast: <ul style="list-style-type: none">- Þekking á mismunandi gerðum útivistarklæðnaðar- Þekkingu á þeim búnaði sem notaður er í útivist- Þekkingu og skilning á mikilvægi öryggis á ferðalögum- Þekkingu og færni í gerð ferðaplana
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">- samskiptum í leik og starfi- að lesa veður- að starfa í hóp- því að virða skoðanir annarra- því að meta aðstæður
Hæfniviðmið:	Lögð er áhersla á að nemandi: <ul style="list-style-type: none">- Læri á grunnþætti ferðamennsku- Fái innsýn inn í skipulag ferðalaga- Læri að tileinka sér örugg ferðalög í sátt við umhverfi og náttúru
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.